

Þorbjörg Finnbogadóttir (1921-2008), húsmæðrakennari

2012/76

Þorbjörg Finnbogadóttir fæddist 15. apríl 1921 á Harðbak á Melrakkasléttu. Hún lést 26. apríl 2008 á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

Faðir Þorbjargar var Finnbogi Friðriksson f. 13. mars 1877, d. 8. maí 1944, bóndi og sjómaður á Harðbak á Melrakkasléttu. Móðir hennar var Guðrún Stefánsdóttir f. 11. september 1879, d. 26. júlí 1955, húsmóðir á Harðbak á Melrakkasléttu.

Þorbjörg átti tvo sammæðra bræður og fimm alsystkini. Sveitabærinn Harðbak var tvíbýli. Þar bjuggu móðir Þorbjargar, Guðrún og bróðir Guðrúnar, Guðmundur saman ásamt mökum sínum og börnum og þar ólst Þorbjörg upp.

Hún fluttist til Akureyrar og gekk þar í Húsmæðraskólann á Akureyri, fluttist síðan suður til að læra í Húsmæðraskólanum í Reykjavík og hóf þar nám 1946.

Þorbjörg starfaði lengst af í Húsmæðraskólanum á Akureyri en þegar hann var lagður niður 1984 þá hóf hún störf í Gagnfræðiskólanum á Akureyri og lauk þar sinni starfsævi.

Þorbjörg var ógift og barnlaus en í góðum tengslum við systkinabörn sín og fósturaði ungmenni m.a. frændsystkin sín sem fluttust til Akureyrar í menntaskólanám.

Afhending þessi barst frá Arndísi Bergsdóttur, ein önnur afhending er til frá sama skjalamyndara með númerið 2020/21.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

2.3.2023

Þuríður Jóna Steinsdóttir

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2012 / 76

A-Þorbjörg Finnbogadóttir

A-Þorbjörg Finnbogadóttir

1945 - 1948

A	1	1	1946 - 1948	Prófskírteini frá Húsmæðraskólanum á Akureyri (1946); bréf; prófskírteini; matseðlar; prófverkefni frá Húsmæðraskóla Íslands.
A	1	2	1945 - 1946	Ljósmyndir af kennurum og nemendum við Húsmæðraskólann á Akureyri með handrituðum kveðjum.
A	1	3	-	Háttvísi. Kennari frk Helga Sigurðardóttir. Handrit Þorbjargar Finnbogadóttur
A	1	4	-	Réttir - daglega. Handrit Þorbjargar Finnbogadóttur
A	1	5	-	Brauð og kökur. Handrit Þorbjargar Finnbogadóttur